

Ráðherra á geðdeild:

Mikil þörf og margslungið starf

GEÐSÚKDÓMAR „Þarna er mikil þörf og margslungin starfsemi,“ sagði Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra eftir að hafa heimsótt geðheilbrigðisstofnanir á höfuðborgarsvæðinu í gær. „Ég hef verið að reyna að kynna mér stofnanirnar sem vinna á þessu sviði og heimsótti sambýlin á Sléttuvegi [auk] geðdeildar Landspítala, þangað sem ég hef ekki komið áður. Þar átti ég viðtöl og fundi með starfsfólki og skoðaði starfsemina. Síðan heimsótti ég í há-

deginu Geðhjálp í miðstöð þeirra við Túngötuna,“ sagði ráðherra.

Hann segir margt koma til greina til úrbóta. „Það er athugið að styrkja forvarnir og nýta jafnvel heilsugæsluna í þeim efnunum. Þá er aðgengið að geðdeildunum eilíft viðfangsefni. Síðan er auðvitað eftirmeðferðin og úrræði úti í samfélaginu fyrir fólk sem átt hefur við geðfötlun að stríða. Þar vinna samtök eins og Geðhjálp og fleiri gífurlega mikið starf,“ sagði ráðherra og bætti við

að hann hafi fengið nokkuð aðra sýn á málaflokkinn eftir að hann fór að skoða hann sérstaklega. „Geðdeild Landspítalans er t.a.m feiknalega stór vinnustaður þar sem 600 manns vinna. Það hafa verið miklir erfiðleikar við að manna deildina og sumarlokanir ekki eingöngu vegna fjárskorts heldur líka af því að illa hefur gengið að halda úti fullri starfsemi þegar þessi 600 manns sem þarna vinna þurfa að taka frí á tveimur mánuðum,“ sagði hann. ■



JÓN KRISTJÁNSSON, HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGARÁÐHERRA
Ráðherra heimsótti í gær geðheilbrigðisstofnanir á höfuðborgarsvæðinu og skoðar hér geðdeild Landspítalans við Hringbraut í Reykjavík.